

Langesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
09. des. 2011 8.14.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. desember 2011
Tilvísun: UST20110800181/edk

Áminning og krafa um tímasetta áætlun um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 7. nóvember 2011 þar sem fjallað er um frávík frá starfsleyfi sem komu í ljós í eftirlitsferð sem var farin þann 24. maí sl. á urðunarstaði við Bakkafjörð og Þórshöfn. Í bréfinu óskaði Umhverfisstofnun eftir áætlun rekstraraðila um hvenær hann hygðist ljúka við að bæta úr tilgreindum frávikum og var rekstraraðila veittur frestur til 21. nóvember til að koma með athugasemdir vegna áforma stofnunarinnar um að veita Langesbyggð áminningu, sbr. 2.mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun hafa ekki borist upplýsingar um sjónamið rekstraraðila varðandi málið.

Frávikin sem Umhverfisstofnun hefur óskað eftir að Langesbyggð bæti úr voru öll á urðunarstað við Bakkafjörð og eru eftirfarandi:


- Frávík frá ákv. 3.1 og 3.2: Starfsleyfið kveður á um að svæðið skuli vera afgirt til hindra aðgang óviðkomandi aðila. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma. Þegar eftirlitsferðin fór fram, var aðgengi óhindrað að urðunarsvæðinu.
- Frávík frá ákv. 2.1: Nokkuð var af óflokkuðum úrgangi, m.a. endurvinnsluefni í urðunargryfju og nokkuð ósnyrtilegt í kring. Samkvæmt starfsleyfi skal rekstraraðili tryggja að úrgangsefni fari í viðeigandi endurnýtingarfærg ef kostur er.
- Frávík frá ákv. 3.8: Úrgangur skal birgður samdægur, en í eftirlitsheimsókninni þann 24. maí sl. fór fram eftir að hefðbundnum vinnutíma var lokið og þá hafði úrgangur ekki verið birgður.


Umhverfisstofnun veitir hér með Langesbyggð áminningu, sbr. 2.mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem ekki hefur verið bætt úr framangreindum 3 frávikum. Umhverfisstofnun veitir Langesbyggð frest til 30. desember til að skila inn staðfestingu á að úrbætur hafi verið gerðar eða fullnægjandi áætlun um hvenær þær skulu framkvæmdar.

Sinni Langesbyggð ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frest er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal kæran borin fram við nefndina innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kæran sendist til Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns, Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands Eystra

